

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Kaldakinn, Holtum, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 14 ha svæði innan frístundabyggðarinnar í landi Köldukinnar breytist í landbúnaðarsvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.